



**Tegund eignar :** Þakíbúð -  
Penthouse

**Bæjarfélag / Hverfi :**  
Guardamar

**Izona :** Costa Blanca Sur

**Svefnherbergi :** 4

**Baðherbergi :** 3

**Byggingarár :** 2024

**Sundlaug :** Í sameign

**Garður :** Í sameign

**Eignin snýr :** til suð-austurs

**Útsýni :** Sjávarútsýni

**Bílastæði :** Bílastæðakjallari

**Fermetra stærð eignar :** 139,49 m<sup>2</sup>

**Stærð verandar :** 64,6 m<sup>2</sup>

**Stærð þaksvala :** 44 m<sup>2</sup>

**Flugvöllur :** 30 min

**Strönd :** 3 min

**Borg :** 3 min

**Golf :** 10 min

✓ Lyfta

✓ Verönd

✓ Þaksvilir

✓ Innbyggð loftkæling

Stórglæsileg og rúmgóð þakíbúð í Guardamar del Segura með frábæru útsýni til sjávar. Íbúðin sem er á tveimur hæðum er 139,49m<sup>2</sup> með 4 svefnherbergjum, 3 baðherbergjum og glæsilegum rúmgóðum svölum þar sem hægt er að bæta við sér sundlaug ef óskað er, að auki eru stórar þaksvilar á þaki hússins sem fylgja íbúðinni en þaðan er glæsilegt útsýni til sjávar og hægt að njóta sólarinnar allan daginn. Einnig fylgir íbúðinni aðgangur að sameiginlegri sundlaug í afgirtum garði.

Guardamar del Segura er mjög skemmtilegur strandbær við Costa Blanca ströndina, en strandsvæðið í Guardamar er með þeim fallestu við þessa strandlengju. Bærinn sjálfur býður upp á alla nauðsynlega þjónustu s.s. spítala, apótek, matvöruverslanir og svo má að auki finna fjöldann allan af glæsilegum veitingastöðum, börum og alls kyns afþreyingu fyrir alla aldurshópa.

Innan við 15 mínútur akstur finnurðu svo 4 golfvelli, tvær verslunarmiðstöðvar ( Habaneras og Zenia Boulevard), hinn spennandi og þéttsetna miðbæ Torrevieja, tívolí, hin fallestu náttúrulegu saltvötn Torrevieja sem og hið glæsilega verndað náttúrusvæði sem liggur við sjóinn milli La Mata og Guardamar bæjarins.

Hafðu samband til að fá frekri upplýsingar um þessa frábæru eign!

